



5. mars 2021

Tilvísun: 2102134

Dreifibréf til vátryggingafélaga og SFF

Númer: 15/2021

Efni: Drög að reglum um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar sniðmát fyrir gagnaskil vátryggingafélaga og vátryggingasamstæðna.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) hefur gefið út umræðuskjal nr. 15/2021 sem inniheldur drög að nýjum reglum sem innleiða framkvæmdarreglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (ESB) þar sem fram koma tæknilegir framkvæmdarstaðlar að því er varðar sniðmát fyrir gagnaskil til Fjármálaeftirlitsins. Um er að ræða innleiðingu framkvæmdarreglugerða framkvæmdarstjórnarinnar (ESB) sem fylgja Solvency II löggjöfinni. Reglurnar verða settar með stoð í 13. mgr. 31. gr. laga nr. 100/2016 um vátryggingastarfsemi og 7. mgr. 31. gr. og 6. mgr. 32. gr. laga nr. 60/2017 um vátryggingasamstæður.

Með dreifibréfi þessu gefur Fjármálaeftirlitið viðtakendum kost á að koma á framfæri athugasemdum við drögin. Skjölín eru birt á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, <https://www.fme.is/log-og-tilmaeli/umraeduskjol>.

Fjármálaeftirlitið óskar eftir því að athugasemdir umsagnaraðila við meðfylgjandi umræðuskjal berist eigi síðar en 12. mars nk. Óskað er eftir að umsagnir séu ritaðar á þar til gert umsagnareyðublað sem finna má á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, sbr. nánari skýringar í umræðuskjali. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið fme@sedlabanki.is.

Virðingarfallst,



Rúnar Guðmundsson
framkvæmdastjóri
lífeyris og vátrygginga

Ranhveig Júniusdóttir
framkvæmdastjóri
skrifstofu bankastjóra